

Tillögur nefndar A að texta í áfangaskjal¹

með skýringum²

Lagðar fram til kynningar á 12. fundi Stjórnlagaráðs, 9. júní 2011

Staðsetning

Á eftir 6. grein í áfangaskjalinu (tjáningarfrelsi) koma tvær greinar til viðbótar; upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla. Eftirfarandi greinar kaflans númerist samkvæmt því.

7. Upplýsingafrelsi

Tillaga nefndar A	Skýrsla stjórnlaganefndar
Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum. Stjórnsýsla skal vera gegnsæ, halda til haga fundargerðum sínum og gögnum, auk þess að skrásetja og skjalfesta öll erindi sem henni berast, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða.	Valkostur 2, s. 88 Öllum er frjálst að leita, nýta og miðla upplýsingum. Með lögum skal kveðið á um nafnleynd og vernd heimildarmanna og starfsemi sjálfstæðra fjölmiðla að öðru leyti tryggð.
Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.	Upplýsingar og gögn í vörslu hins opinbera skulu vera aðgengileg almenningi.
Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera öllum tiltæk án undandrátta, nema brýnar og rökstuddar ástæður knýi á um leynd þeirra samkvæmt lögum, svo sem við á um sjúkraskýrslur.	Réttindum samkvæmt þessari grein má setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins til verndar heilsu eða siðgæðis manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.
Afhendingu gagna og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum, svo sem vegna friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.	

Skýring nefndar

- Nýtt ákvæði. Ætlað að tryggja borgurunum möguleikann á að sjá hvernig mál þróast og hljóta úrvinnslu hjá hinu opinbera – tryggja virkt aðhald almennings.

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Undirstrikað letur gefur til kynna breytingu frá tillögum stjórnlaganefndar, eða frá ákvæðum núgildandi stjórnarskrár, eftir því sem við á.

- Byggist á skýrslu stjórnlaganefndar, valkostur 2 á s. 88. Einnig á innsendum erindum.
- Hert á frumkvæðisskyldu ríkisins við söfnun, birtingu og miðlun upplýsinga.
- Byggist að hluta á stjórnarskrám Svíþjóðar og Finnlands.
- Dæmi um lista yfir gögn opinberra aðila má sjá í Noregi: <http://www.oep.no>

8. Frelsi fjölmiðla

Tillaga nefndar A	Skýrsla stjórnlaganefndar
Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum. Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.	Valkostur 2, s. 88 Öllum er frjálst að leita, nýta og miðla upplýsingum. Með lögum skal kveðið á um nafnleynd og vernd heimildarmanna og starfsemi sjálfstæðra fjölmiðla að öðru leyti tryggð. Upplýsingar og gögn í vörslu hins opinbera skulu vera aðgengileg almenningi. Réttindum samkvæmt þessari grein má setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins til verndar heilsu eða siðgæðis manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Skýring nefndar

- Nýtt ákvæði.
- Staðsetning til umræðu.
 - Til athugunar að færa hluta 1. mgr. í annan kafla, þar sem væri hægt að taka almennt á gagnsæju eignarhaldi fyrirtækja.
- Vörn nafnleyndar byggist á valkosti 2 á s. 88 í skýrslu stjórnlaganefndar.
 - Aflétting nafnleyndar geti verið með leyfi bæði heimildarmanns og blaðamanns, ef nauðsyn krefur.
- Skilgreining úr lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla:
 - „Fjölmiðill er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.“

Alj/8.6.2011